



Fundargerð skipulags- og umhverfisnefndar 14.janúar 2020

Fundur skipulags- og umhverfisnefndar Vopnafjarðarhrepps 14. Janúar 2020, haldinn í Hamrahlíð 15 kl. 10:00

Mætt til fundar: Borghildur Sverrisdóttir, Sveinn Daníel Sigurðsson, Lárus Ármannsson, Ragna Lind Guðmundsdóttir og Ingólfur Arason.

Einnig sátu fundinn Þór Steinarsson, sveitarstjóri, er ritaði fundargerð, Gunnar Ágústsson skipulagsráðgjafi og Sigurður Jónsson byggingafulltrúi í gegnum fjarfundarbúnað.

Dagskrá:

1. Allt að 6 MW virkjun í Þverá í Vopnafirði – ályktun frá Skipulagsstofnun
 - a. Skipulags- og umhverfisráð samþykkir að ráðast í aðalskipulagsbreytingar vegna umsóknar Þverárdals ehf vegna 6 MW virkjunar í Þverá í Vopnafirði. Samþykkt samhljóða.
2. Hvammsgerði 1 – endurbætur á gluggum
 - a. Óskað er eftir leyfi til endurbóta á gluggum. Nýjir gluggar eru með sama útliti og fyrri gluggar en úr öðru efni. Um er að ræða plastglugga með þreföldu gleri. Samþykkt samhljóða.
3. Sameining jarðanna Leiðarhöfn 1 og Leiðarhöfn 2
 - a. Nefndin samþykkir samhljóða sameiningu jarðanna.
4. Vallholt 6 – bygging sólstofu
 - a. Óskað er eftir heimild til byggingar sólstofu við Vallholt 6. Fyrir liggja teikningar af byggingunni og grunnmynd. Nefndin óskar eftir að lögð verði fram afstöðumynd og hún og framkvæmdin í heild sinni lögð fram til samþykkis íbúa í götunni. Einnig er óskað eftir umsögn eldvarnareftirlitsins. Samþykkt samhljóða.
5. Safnaðarheimili við Hofskirkju
 - a. Lögð fram til kynningar uppfærð teikning og afstöðumynd á safnaðarheimili við Hofskirkju.

Fleira ekki tekið fyrir, fundargerðin lesin upp og hún borin upp til samþykktarm hún samhljóða samþykkt – fundi slitið kl. 11:07